

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

7.36 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1470 frá 21. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.36.

8.28 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1469 frá 21. maí 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.28.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 1. júlí 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 7.36.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1470**

frá 21. maí 2024

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerðir í Úkraínu og herafli Rússlands hóf tilefnislausar og óréttmætar hernaðarárásir gegn Úkraínu. Það ólögsmæta árásarstríð er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu sem og banninu við valdbeitingu, sem bundið er í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er grundvallarregla alþjóðalaga, og á öðrum meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 4) Í ályktun sinni ES-11/1, sem samþykkt var 2. mars 2022, harmaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákaflega árásir Rússneska sambandsríkisins á Úkraínu sem brjóti gegn 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sinni ES-11/4, sem samþykkt var 12. október 2022, sem veitir athygli yfirlýsingu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá 29. september 2022 þar sem hann minnti á að innlimun yfirráðasvæðis ríkis af hálfu annars ríkis í kjölfar ógnunar eða valdbeitingar er brot á meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalögum, fordæmði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skipulagningu Rússneska sambandsríkisins á ólögsmætum svokölluðum þjóðaratkvæðagreiðslum á svæðum innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra Úkraínu og tilraunir þess til ólögsmætrar innlimunar úkraínsku svæðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í kjölfar þessara svokölluðu þjóðaratkvæðagreiðslna.
- 5) Í ályktun sinni A/RES/ES-11/5 frá 15. nóvember 2022 lýsti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfir þungum áhyggjum af manntjóni, tilflutningi borgara, eyðileggingu innviða og náttúruauðlinda, tapi á eignum hins opinbera og einkaeignum og af efnahagslegum hörmungum vegna árasa Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu og viðurkenndi að draga yrði Rússneska sambandsríkið til ábyrgðar fyrir hvers kyns brot á alþjóðalögum í eða gegn Úkraínu, þ.m.t. árásir þess sem eru brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, auk hvers kyns brota á alþjóðlegum mannréttum og alþjóðlegum mannréttindalögum og að það yrði að taka lagalegum afleiðingum allra ólögsmætra athafna sinna á alþjóðavettvangi, þ.m.t. með skaðabótum og bótum vegna alls tjóns af völdum slíkra athafna.
- 6) Í ályktun sinni A/ES-11/L.7 frá 23. febrúar 2023 kallaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einnig eftir því að þátttakendur í vopnuðu átökunum fylgi að fullu skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannréttum og að árásum á mikilvæga innviði Úkraínu og öllum vísitandi árásum á borgaraleg skotmörk, þ.m.t. húsnæði, skóla og sjúkrahús, verði hætt án tafar.
- 7) Hinn 28. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/335⁽²⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þar sem kveðið er á um bann við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögáðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands. Hinn 9. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/395⁽³⁾ sem felur í sér slíkt bann varðandi ríkisauðlegðarsjóð Rússlands. Vegna þessara banna eru viðeigandi eignir í vörslu fjármálastofnana í aðildarríkjunum „kyrrsettar“.
- 8) Eins og áhersla er lögð á í niðurstöðu fundar leiðtoga ráðsins frá 26. og 27. október 2023 er þörf á afgerandi framþróun, í samráði við samstarfsaðila, varðandi það hvernig unnt er að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum eignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög. Í niðurstöðu sinni hvatti leiðtoga ráðið æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) og framkvæmdastjórnina til að hraða vinnunni með það fyrir augum að leggja fram tillögur.
- 9) Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áreittaði að

Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands.

- 10) Í ályktununum sínum frá 1. febrúar lagði aukafundur leiðtogaráðsins áherslu á nauðsyn þess að tryggja, í samstarfi við samstarfsaðila, stöðugan, fyrirsjáanlegan og sjálfbæran fjárstuðning fyrir Úkraínu á tímabilinu 2024-2027 og ályktaði að stofna ætti sérstakan Úkraínusjóð fyrir tímabilið 2024–2027. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/792⁽⁴⁾ um að koma á fót Úkraínusjóðnum var samþykkt 29. febrúar 2024. Hinn 5. mars 2024 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að reglugerð um að koma á fót evrópski varnarmálaíðnaðaráætlun (e. *European Defence Industry Programme*, EDIP) og ramma um ráðstafanir til að tryggja tiltækileika og afhendingu varnartengdra vara⁽⁵⁾. Koma ætti á evrópsku varnarmálaíðnaðaráætluninni fyrir tímabilið 2025–2027 og hún fela í sér samstarfsáætlun („fjármögnunarleið til stuðnings Úkraínu“) sem miðar að því að stuðla að endurreisn, uppbyggingu og nútímavæðingu varnartækni- og varnariðnaðargrundvallar Úkraínu.
- 11) Í ályktunum sínum frá 22. mars 2024 lýsti leiðtogaráðið því yfir að í ljósi þess hve brýnt ástandið er sé Evrópusambandið staðráðið í að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni allan nauðsynlegan pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómáttískan stuðning á meðan þörf er á og eins mikið og þörf krefur.
- 12) Hinn 12. febrúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/577⁽⁶⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ til að veita tilteknar nánari útskýringar að því er varðar bannið við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, ásamt því að innleiða frekari aðgerðir.
- 13) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 er tilgreint að viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga, sem tengjast eignum og varasjóðum Seðlabanka Rússlands eða sem tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands (e. *Russian National Wealth Fund*), falla ekki undir gildissvið bannsins við viðskiptum sem gildir frá 28. febrúar 2022. Þau viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem enn eru heimil tengjast einkum endurfjárfestingu reiðufjárstaðna, sem safnast upp vegna kyrrsetningar arðmiða eða arð- og innlausnargreiðslna og gjaldfallinna innlána, í samræmi við varfærna fjárfestingarstefnu og gildandi kröfur samkvæmt lögum.
- 14) Önnur viðskipti, einkum beinar eða óbeinar millifærslur til eða í þágu Seðlabanka Rússlands, eða til eða í þágu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, eru áfram bönnuð.
- 15) Bannið við öðrum slíkum viðskiptum skapar óvenjulega og óvænta uppsöfnun á reiðufjárstöðum á efnahagsreikningi verðbréfamistöðva í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014⁽⁷⁾ sem gegna lykilstöðu í uppgjöri og miðlægri vörslu fjármálagerninga í Sambandinu. Uppsöfnunin verður vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, vegna þess að allar greiðslur af höfuðstól og vöxtum, arðmiðum, arðgreiðslum eða öðrum tekjum af verðbréfum til Seðlabanka Rússlands og þessara aðila, rekstrareininga og stofnana eru bannaðar.
- 16) Staða verðbréfamistöðva er sérstök og frábrugðin stöðu annarra fjármálastofnana þar sem reiðufjárstöður verðbréfamistöðva eða viðskiptavina þeirra eru venjulega yfirfærðar úr verðbréfamistöðvunum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavinanna. Verðbréfamistöðvar þurfa svo að stýra af varfærni reiðufjárstöðum í vörslu þeirra í tengslum við eignir Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem safnast upp vegna þvingunaraðgerða. Þetta leiðir til óvæntra og óreglulegra tekna.
- 17) Óvæntar og óreglulegar tekjur þurfa ekki að vera gerðar aðgengilegar Seðlabanka Rússlands samkvæmt gildandi reglum, jafnvel eftir að viðskiptabanninu hefur verið aflétt. Þær eru þannig ekki ríkiseignir. Reglurnar sem vernda ríkiseignir gilda því ekki um þessar tekjur.
- 18) Jafnframt geta verðbréfamistöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning þar eð þessar óvæntu og óreglulegu tekjur verða óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽⁸⁾. Á grundvelli þess lögmæta markmiðs að vinna að markmiðum sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar, einkum með því að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóraföllum af mannavöldum, innleiddi ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 viðbótarráðstafanir til að tryggja að óvæntur og óvenjulegur hagnaður verðbréfamistöðva, sem safnast upp

á tímabilinu frá gildistöku þessarar ákvörðunar og þar til tímabundnum þvingunaraðgerðum varðandi eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands verður aflétt, komi Úkraínu til góða. Þessar ráðstafanir hafa verið endurspeglaðar í reglugerð ráðsins (ESB) 2024/576⁽⁹⁾.

- 19) Einkum frá 15. febrúar 2024 verða verðbréfamistöðvar, sem hafa í vörslu sinni varasjóði og eignir Seðlabanka Rússlands að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, að halda bókhald yfir og stýra slíkum óreglulegum reiðufjárstöðum, sem safnast upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, aðskilið frá annarri starfsemi sinni og einnig aðgreina þær óvæntu og óreglulegu tekjur sem myndast.
- 20) Verðbréfamistöðvum er einnig bannað að ráðstafa hreinum hagnaði sem af þeim leiðir, eins og ákvarðað er í samræmi við landslög, eftir að hafa dregið frá fyrirtækjaskatt samkvæmt almennum reglum í hlutaðeigandi aðildarríki, hvort sem það er með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila þar til ráðið tekur ákvörðun um að koma á fót fjárframlagi sem aflað er með þessum hreina hagnaði til stuðnings Úkraínu. Hreinn hagnaður sem af þeim leiðir, sem myndast fyrir 15. febrúar 2024, er áfram ótakmarkaður og tiltækur þegar í stað til að bera útgjöld, áhættu og tap sem verðbréfamistöðvar stofna til, eins og krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins og landslögum sem gilda um verðbréfamistöðvar, þ.m.t. varfærnislög, eftir því sem við á.
- 21) Til að minnast þess að meira en ár er liðið frá því að ólögleg, óréttmæt og tilefnislaus umfangsmikil innrás Rússlands í Úkraínu hófst ítrekuðu leiðtogar G7-ríkjanna, í yfirlýsingu sinni frá 24. febrúar, áframhaldandi stuðning ríkja sinna við rétt Úkraínu til sjálfsvarnar og skuldbindingu sína til að gæta öryggis Úkraínu til langs tíma og skuldbundu sig til að auka við aðstoð til handa Úkraínu í öryggismálum og auka framleiðslu- og afhendingargetu, til aðstoðar Úkraínu. Með þeirri yfirlýsingu var fagnað samþykkt réttargerða Sambandsins sem varða óvenjulegan ávinning verðbréfamistöðva vegna kyrrsettra ríkiseigna Rússlands og hvatt til frekari ráðstafana til að gera notkun þeirra mögulega, í samræmi við gildandi samningsbundnar skuldbindingar og í samræmi við gildandi lög.
- 22) Í ljósi alvarleika ástandsins og til að bregðast við árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu og svo lengi sem ólögmetar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur sett á gilda áfram. Einnig þykir rétt að grípa til sérstakra viðbótarráðstafana sem miða að því að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands, í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, einkum að varðveita gildi Sambandsins, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og heilleika, að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, réttinn til sjálfsvarnar og bann við árásum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóraföllum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar.
- 23) Markmiðið með þessum viðbótarráðstöfunum ætti að endingu að vera að styðja Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands, þ.m.t. með Evrópska friðarsjóðnum (e. *the European Peace Facility*), sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509⁽¹⁰⁾ og með áætlunum Sambandsins sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins, s.s. Úkraínusjóðnum og áætlanir sem miða að endurreisn, uppbyggingu og nútímavæðingu varnartækni- og varnariðnaðar- grundvallar Úkraínu. Í samræmi við meginregluna um réttarvissu ættu viðbótarráðstafanirnar að gilda frá og með 15. febrúar 2024.
- 24) Einkum þykir rétt að mæla fyrir um reglur um hvernig beina ætti hreinum hagnaði af óvæntum og óreglulegum tekjum verðbréfamistöðva sem safnast upp vegna framkvæmdar þvingunaraðgerða, einkum varðandi bannið sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í tilskipun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til stuðnings við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásarstríði Rússlands, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög, í samráði við samstarfsaðila. Framkvæmdastjórnin ætti að upplýsa ráðið hálfárslega um þær fjárhæðir sem verðbréfamistöðvarnar yfirfæra.
- 25) Verðbréfamistöðvar, sem hafa í vörslu sinni eignir og varasjóði að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, ættu að leggja fram fjárframlag af samsvarandi hreinum hagnaði þeirra sem jafngildir 99,7% af þeim hreina hagnaði sem safnast hefur upp frá 15. febrúar 2024. Þetta hlutfall er rökstutt með þeirri staðreynd að viðkomandi hreinn hagnaður verður óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og því geta verðbréfamistöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning. Í ljósi ábyrgðar verðbréfamistöðvanna og hlutverksins sem þær gegna við

stjórnun kyrrsettra eigna þykir þó rétt að kveða á um að þær geti haldið eftir takmörkuðu hlutfalli af hreina hagnaðinum til að tryggja skilvirgni í starfi þeirra. Greiðslur ættu að fara fram í afborgunum tvisvar á ári þar til óreglulegi hagnaðurinn safnast ekki lengur upp á efnahagsreikningi verðbréfamiðstöðva vegna afnáms þvingunaraðgerðanna sem banna viðskipti með eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands.

- 26) Verðbréfamiðstöðvar ættu að geta haldið eftir tímabundið hluta sem nemur ekki meira en 10% af fjárframlaginu til þess að geta farið að kröfum um lögbundið eigið fé og áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Ef þessi hlutur reynist ófullnægjandi í framtíðinni ætti að vera mögulegt fyrir verðbréfamiðstöðvar að leggja fyrir landsbundið eftirlitsyfirvald tilhlýðilega rökstudda beiðni um að halda eftir hlutfalli til viðbótar af fjárframlaginu sem er til greiðslu. Eingöngu er heimilt að leyfa að haldið sé eftir hlutfalli til viðbótar ef það er algerlega nauðsynlegt til að uppfylla kröfum um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva.
- 27) Í þessari ákvörðun er kveðið á um viðbótarráðstafanir sem skapa nýjar skyldur fyrir verðbréfamiðstöðvar, þ.e. að leggja sitt af mörkum til Sambandsins í þeim tilgangi að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands. Með tilliti til þess hvert samhengi þessara ráðstafana er, sérstakrar stöðu verðbréfamiðstöðva og lögmætra markmiða ráðstafananna sem miða að því að ná markmiðum stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, einkum að varðveita gildi Sambandsins, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og heilleika, að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, réttinn til sjálfsvarnar og bann við árásum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar, eru þessar ráðstafanir réttlætanager og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að og virða að fullu þau grundvallarréttindi og það frelsi sem viðurkennt er í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 17. og 52. gr.
- 28) Halda ætti þvingunaraðgerðunum sem tengjast banninu við viðskiptum í tengslum við stýringu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands þar til Rússland hættir árásarstríði sínu gegn Úkraínu og bætir Úkraínu það tjón sem hlotist hefur af þessu stríði.
- 29) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.
- 30) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 8. mgr. 1. gr. a kemur eftirfarandi:
- „8. Frá og með 15. febrúar 2024 og á meðan þvingunaraðgerðunum sem settar eru fram í 4. mgr. er viðhaldið skulu verðbréfamiðstöðvar í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem hafa í vörslu sinni eignir og varasjóði er um getur í 4. mgr. þessarar greinar, að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, beita eftirfarandi reglum varðandi reiðufjárstöður sem safnast upp eingöngu vegna þvingunaraðgerðanna:
- þessar innstæður skulu færðar sérstaklega til bókar,
 - tekjur sem safnast upp eða myndast vegna reiðufjárstaðanna sem um getur í a-lið frá 15. febrúar 2024 skulu skráðar sérstaklega í reikningsskilum verðbréfamiðstöðva,
 - með fyrirvara um 9. og 10. mgr., hreinum hagnaði sem er ákvarðaður að því er varðar tekjur sem um getur í b-lið í samræmi við landslög, þ.m.t. með því að draga frá öll viðkomandi útgjöld sem tengjast eða leiða af stýringu kyrrsettu eignanna og áhættustýringu í tengslum við þær, og að frádregnum fyrirtækjaskatti samkvæmt almennum reglum hlutaðeigandi aðildarríkis, skal ekki ráðstafa með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila. Þetta bann gildir ekki um hreinan hagnað sem telst ekki til fjárframlagsins sem um getur í 9. mgr.“,
- 2) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 1. gr. a:
- „9. Hreini hagnaðurinn sem um getur í c-lið 8. mgr. skal falla undir fjárframlag sem verðbréfamiðstöðvar greiða til Sambandsins.
- Fjárframlagið skal vera 99,7% af þessum hreina hagnaði.

10. a) Verðbréfamiðstöðvar geta haldið eftir tímabundið hluta sem nemur ekki meira en 10% af fjárframlaginu sem er til greiðslu („fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið“), sem skal áfram greiða Sambandinu.
- b) Ef hluturinn sem um getur í a-lið telst ekki fullnægjandi í ljósi krafna um áhættustýringu er verðbréfamiðstöð heimilt að leggja fram beiðni um að halda eftir hlutfalli til viðbótar af fjárframlaginu sem er til greiðslu. Eingöngu er heimilt að leyfa að halda eftir hlutfalli til viðbótar ef það er algerlega nauðsynlegt til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva.
- c) Fjárhæðir sem verðbréfamiðstöð heldur eftir tímabundið í samræmi við þessa málsgrein skulu eingöngu notaðar til að standa straum af þeim kostnaði, áhættu og tapi sem fellur á hana vegna stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu þeirrar verðbréfamiðstöðvar og eingöngu að því marki sem innri tilföng verðbréfamiðstöðvarinnar nægja ekki fyrir slíkum kostnaði, áhættu og tapi þegar slíkt á sér stað. Fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið, sem hafa verið notaðar í samræmi við þennan lið, skulu ekki lengur greiddar til Sambandsins.
- d) Fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið sem hafa ekki verið notaðar innan fimm ára í þeim tilgangi sem um getur í c-lið skulu millifærðar til Sambandsins nema ákvörðun hafi verið tekin um hvort þörf sé á þessum fjárhæðum eða hluta þeirra til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Fjárhæðir sem ekki er lengur haldið eftir skulu millifærðar til Sambandsins.
- e) Verðbréfamiðstöðvar skulu millifæra til Sambandsins allar eftirstöðvar fjárhæða sem ekki voru notaðar og haldið var eftir tímabundið eigi síðar en þegar þvingunaraðgerðunum samkvæmt þessari grein hefur verið aflétt, nema ákvörðun hafi verið tekin um að halda eftir fjárhæðum eftir það ef þörf er á þeim fjárhæðum eða hluta þeirra til að uppfylla viðkomandi kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva.

11. Fjárhæð fjárframlagsins sem er greitt til Sambandsins skal notuð til að styðja Úkraínu með Evrópska friðarsjóðnum sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509⁽¹⁾ og með áætlunum Sambandsins sem eru fjármagnaðar af fjárlögum Sambandsins, í samræmi við eftirfarandi lykil:

- a) Evrópski friðarsjóðurinn: 90%,
b) áætlanir Sambandsins sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins: 10%.

Endurskoða skal þessa úthlutun árlega, og í fyrsta skiptið fyrir 1. janúar 2025, og heimilt er að breyta henni með framkvæmdarákvörðun ráðsins sem samþykkt er að fenginni tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum.

Sambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða sérstaka úthlutun milli áætlana Sambandsins á hlutfalli fjárframlagsins sem skal nota með áætlunum Sambandsins sem eru fjármagnaðar af fjárlögum Sambandsins.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 21. maí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/335 frá 28. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. L ESB 57, 28.2.2022, bls. 4).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/395 frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2022, bls. 8).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/792 frá 29. febrúar 2024 um að koma á fót Úkraínusjóðnum (Stjtið. ESB L, 2024/792, 29.2.2024), ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/792/oj>.

⁽⁵⁾ Málsmeðferð milli stofnana 2024/0061/COD (<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/HIS/?uri=CELEX:52024PC0150>).

⁽⁶⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/577 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/577, 14.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/577/oj>).

(⁷) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

(⁸) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).

(⁹) Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/576 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/576, 14.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/576/oj>).

(¹⁰) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509 frá 22. mars 2021 um að koma á fót Evrópska friðarsjóðnum og niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2015/528 (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 14).

(¹¹) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509 frá 22. mars 2021 um að koma á fót Evrópska friðarsjóðnum og niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2015/528 (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 14).

Fylgiskjal 8.28.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1469

frá 21. maí 2024

um breytingu á reglugerð ESB nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1470 frá 21. maí 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu(¹),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014(²), um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ(³).
- 3) Hinn 21. maí 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1470 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 4) Hinn 24. febrúar 2022 tilkynnti forseti Rússneska sambandsríkisins um hernaðaraðgerðir í Úkraínu og herafli Rússlands hóf tilefnislausar og óréttmætar hernaðarárásir gegn Úkraínu. Það ólögmæta árásarstríð er blygðunarlaust brot á landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu sem og banninu við valdbeitingu, sem bundið er í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem er grundvallarregla alþjóðalaga, og á öðrum meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- 5) Í ályktun sinni ES-11/1, sem samþykkt var 2. mars 2022, harmaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákaflega árásir Rússneska sambandsríkisins á Úkraínu sem brjóti gegn 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í ályktun sinni ES-11/4, sem samþykkt var 12. október 2022, sem veitir athygli yfirlýsingu aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna frá 29. september 2022 þar sem hann minnti á að innlimun yfirráðasvæðis ríkis af hálfu annars ríkis í kjölfar ógnunar eða valdbeitingar er brot á meginreglum sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðalögum, fordæmdi allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna skipulagningu Rússneska sambandsríkisins á ólögmætum svokölluðum þjóðaratkvæðagreiðslum á svæðum innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra Úkraínu og tilraunir þess til ólögmætrar innlimunar úkraínsku svæðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia í kjölfar þessara svokölluðu þjóðaratkvæðagreiðslna.
- 6) Í ályktun sinni A/RES/ES-11/5 frá 15. nóvember 2022 lýsti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna yfir þungum áhyggjum af manntjóni, tilflutningi borgara, eyðileggingu innviða og náttúruauðlinda, tapi á eignum hins opinbera og einkaeignum og af efnahagslegum hörmungum vegna árása Rússneska sambandsríkisins gegn Úkraínu og viðurkenndi að draga yrði Rússneska sambandsríkið til ábyrgðar fyrir hvers kyns brot á alþjóðalögum í eða gegn Úkraínu, þ.m.t. árásir þess sem eru brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, auk hvers kyns brota á alþjóðlegum mannúðarrétti og alþjóðlegum mannréttindalögum og að það yrði að taka lagalegum afleiðingum allra ólögmætra athafna sinna á alþjóðavettvangi, þ.m.t. með skaðabótum og bótum vegna alls tjóns af völdum slíkra athafna.

- 7) Í ályktun sinni A/ES-11/L.7 frá 23. febrúar 2023 kallaði allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einnig eftir því að þátttakendur í vopnuðu átökunum fylgi að fullu skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum mannréttum og að árásum á mikilvæga innviði Úkraínu og öllum vísvitandi árásum á borgaraleg skotmörk, þ.m.t. húsnæði, skóla og sjúkrahús, verði hætt án tafar.
- 8) Hinn 28. febrúar 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/335⁽⁴⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þar sem kveðið er á um bann við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, þ.m.t. viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands. Hinn 9. mars 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/395⁽⁵⁾ sem felur í sér slíkt bann varðandi ríkisauðlegðarsjóð Rússlands. Vegna þessara banna eru viðeigandi eignir í vörslu fjármálastofnana í aðildarríkjunum „kyrrsettar“.
- 9) Eins og áhersla er lögð á í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 26. og 27. október 2023 er þörf á afgerandi framþróun, í samræði við samstarfsaðila, varðandi það hvernig unnt er að beina óreglulegum tekjum í vörslu einkaaðila, sem koma beint frá kyrrsettum eignum Rússlands, þannig að þær styðji við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög. Í niðurstöðu sinni hvatti leiðtogaráðið æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórnina til að hraða vinnunni með það fyrir augum að leggja fram tillögur.
- 10) Í ályktunum sínum frá 14. og 15. desember 2023 ítrekaði leiðtogaráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði að Sambandið styður enn staðfastlega sjálfstæði, fullveldi og landamærahelgi Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og sjálfgefinn rétt hennar til að verja sig gegn árásum Rússlands.
- 11) Í ályktununum sínum frá 1. febrúar 2024 lagði aukafundur leiðtogaráðsins áherslu á nauðsyn þess að tryggja, í samstarfi við samstarfsaðila, stöðugan, fyrirsjáanlegan og sjálfbæran fjárstuðning fyrir Úkraínu á tímabilinu 2024–2027 og ályktaði að stofna ætti sérstakan Úkraínusjóð fyrir tímabilið 2024–2027. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/792 um að koma á fót Úkraínusjóðnum⁽⁶⁾ var samþykkt 29. febrúar 2024. Hinn 5. mars 2024 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að reglugerð um að koma á fót evrópski varnarmálaíðnaðaráætlun (*e. European Defence Industry Programme, EDIP*) og ramma um ráðstafanir til að tryggja tiltækileika og afhendingu varnartengdra vara⁽⁷⁾. Koma ætti á evrópsku varnarmálaíðnaðaráætluninni fyrir tímabilið 2025–2027 og hún fela í sér samstarfsáætlun („fjármögnunarleið til stuðnings Úkraínu“) sem miðar að því að stuðla að endurreisn, uppbyggingu og nútímavæðingu varnartækni- og varnariðnaðargrundvallar Úkraínu.
- 12) Í ályktunum sínum frá 22. mars 2024 lýsti leiðtogaráðið því yfir að í ljósi þess hve brýnt ástandið er sé Evrópusambandið staðráðið í að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni allan nauðsynlegan pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómátískan stuðning á meðan þörf er á og eins mikið og þörf krefur.
- 13) Hinn 12. febrúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/577⁽⁸⁾ um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ til að veita tilteknar nánari útskýringar að því er varðar bannið við öllum viðskiptum sem tengjast stjórnun varasjóða og eigna Seðlabanka Rússlands, ásamt því að innleiða frekari aðgerðir.
- 14) Í ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 er tilgreint að viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga, sem tengjast eignum og varasjóðum Seðlabanka Rússlands eða sem tengjast eignum og varasjóðum lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands (*e. Russian National Wealth Fund*), falla ekki undir gildissvið bannsins við viðskiptum sem gildir frá 28. febrúar 2022. Þau viðskipti varðandi stjórnun efnahagsreikninga sem enn eru heimil tengjast einkum endurfjárfestingu reiðufjárstaðna, sem safnast upp vegna kyrrsetningar arðmiða eða arð- og innlausnargreiðslna og gjaldfallinna innlána, í samræmi við varfærna fjárfestingarstefnu og gildandi kröfur samkvæmt lögum.
- 15) Önnur viðskipti, einkum beinar eða óbeinar millifærslur til eða í þágu Seðlabanka Rússlands, eða til eða í þágu lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, eru áfram bönnuð.
- 16) Bannið við öðrum slíkum viðskiptum skapar óvenjulega og óvænta uppsöfnun á reiðufjárstöðum á efnahagsreikningi verðbréfamíðstöðva í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014⁽⁹⁾ sem gegna lykilstöðu í uppgjöri og miðlægri vörslu fjármálagerninga í Sambandinu. Uppsöfnunin verður vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, vegna þess að allar greiðslur af höfuðstól og vöxtum, arðmiðum, arðgreiðslum eða öðrum tekjum af verðbréfum til Seðlabanka Rússlands og þessara aðila, rekstrareininga og stofnana eru bannaðar.

- 17) Staða verðbréfamíðstöðva er sérstök og frábrugðin stöðu annarra fjármálastofnana þar sem reiðufjárstöður verðbréfamíðstöðva eða viðskiptavina þeirra eru venjulega millifærðar úr verðbréfamíðstöðvunum fyrir lok dags og skila engri þóknun til viðskiptavinanna. Verðbréfamíðstöðvar þurfa svo að stýra af varfærni reiðufjárstöðum í vörslu þeirra í tengslum við eignir Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, sem safnast upp vegna þvingunaraðgerða. Þetta leiðir til óvæntra og óreglulegra tekna.
- 18) Óvæntar og óreglulegar tekjur þurfa ekki að vera gerðar aðgengilegar Seðlabanka Rússlands samkvæmt gildandi reglum, jafnvel eftir að viðskiptabanninu hefur verið aflétt. Þær eru þannig ekki ríkiseignir. Reglurnar sem vernda ríkiseignir gilda því ekki um þessar tekjur.
- 19) Jafnframt geta verðbréfamíðstöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning þar eð þessar óvæntu og óreglulegu tekjur verða óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Á grundvelli þess lögmæta markmiðs að vinna að markmiðum sameiginlegu utanríkis- og öryggismálastefnunnar, einkum með því að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara, ásamt því að aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóraföllum af mannavöldum, innleiddi ákvörðun (SSUÖ) 2024/577 ráðstafanir til að tryggja að óvæntur og óvenjulegur hagnaður verðbréfamíðstöðva, sem safnast upp á tímabilinu frá gildistöku þessarar ákvörðunar og þar til tímabundnum þvingunaraðgerðum varðandi eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands verður aflétt, komi Úkraínu til góða. Þessar ráðstafanir hafa verið endurspegladar í reglugerð ráðsins (ESB) 2024/576⁽¹⁰⁾.
- 20) Einkum frá 15. febrúar 2024 verða verðbréfamíðstöðvar, sem hafa í vörslu sinni varasjóði og eignir Seðlabanka Rússlands að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, að halda bókhald yfir og stýra slíkum óreglulegum reiðufjárstöðum, sem safnast upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, aðskilið frá annarri starfsemi sinni og einnig aðgreina þær óvæntu og óreglulegu tekjur sem myndast.
- 21) Verðbréfamíðstöðvum er einnig bannað að ráðstafa hreinum hagnaði sem af þeim leiðir, eins og ákvarðað er í samræmi við landslög, eftir að hafa dregið frá fyrirtækjaskatt samkvæmt almennum reglum í hlutaðeigandi aðildarríki, hvort sem það er með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila þar til ráðið tekur ákvörðun um að koma á fót fjárframlagi sem aflað er með þessum hreina hagnaði til stuðnings Úkraínu. Hreinn hagnaður sem af þeim leiðir, sem myndast fyrir 15. febrúar 2024, er áfram ótakmarkaður og tiltækur þegar í stað til að bera útgjöld, áhættu og tap sem verðbréfamíðstöðvar stofna til, eins og krafist er samkvæmt löggjöf Sambandsins og landslögum sem gilda um verðbréfamíðstöðvar, þ.m.t. varfærnislög, eftir því sem við á.
- 22) Til að minnast þess að meira en ár er liðið frá því að ólögleg, óréttmæt og tilefnislaus umfangsmikil innrás Rússlands í Úkraínu hófst ítrekuðu leiðtogar G7-ríkjanna, í yfirlýsingu sinni frá 24. febrúar 2024, áframhaldandi stuðning ríkja sinna við rétt Úkraínu til sjálfsvarnar og skuldbindingu sína til að gæta öryggis Úkraínu til langs tíma og skuldbundu sig til að auka við aðstoð til handa Úkraínu í öryggismálum og auka framleiðslu- og afhendingargetu sína, til aðstoðar Úkraínu. Með þeirri yfirlýsingu var fagnað samþykkt réttargerða Sambandsins sem varða óvenjulegan ávinning verðbréfamíðstöðva vegna kyrrsettra ríkiseigna Rússlands og hvatt til frekari ráðstafana til að gera notkun þeirra mögulega, í samræmi við gildandi samningsbundnar skuldbindingar og í samræmi við gildandi lög.
- 23) Í ljósi alvarleika ástandsins og til að bregðast við árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu og svo lengi sem ólögmetar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur sett á gilda áfram. Einnig þykir rétt að grípa til sérstakra viðbótarneyðarráðstafana sem miða að því að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands, í samræmi við markmið sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, einkum að varðveita gildi Sambandsins, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og heilleika, að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, réttinn til sjálfsvarnar og bann við árásum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóraföllum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar.
- 24) Með ákvörðun (ESB) 2024/1470 er því kveðið á um viðbótarráðstafanir. Í samræmi við meginregluna um réttarvissu ættu viðbótarráðstafanirnar að gilda frá og með 15. febrúar 2024. Markmiðið með viðbótarráðstafunum er að tryggja samkvæmni og samræmi milli ESB-ákvæðna og landslagna.

ráðstöfununum ætti að endingu að vera að styðja Úkraínu, þ.m.t. með Evrópska friðarsjóðnum (e. *European Peace Facility*), sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509⁽¹⁾, sem og með áætlunum Sambandsins sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins, s.s. Úkraínusjóðnum og áætlanir sem styðja við samstarf vegna sameiginlegra innkaupa fyrir Úkraínu og sem miða að endurreisn, uppbyggingu og nútímavæðingu varnartækni- og varnariðnaðargrundvallar Úkraínu. Ákvörðun (SSUÖ) 2024/1470 kveður á um nákvæma úthlutun í tengslum við ráðstafanir til aðstoðar samkvæmt Evrópska friðarsjóðnum og skiptingu milli þess síðartalda og áætlana Sambandsins sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins. Skiptingu milli áætlana Sambandsins sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins ætti að framkvæma í samræmi við tilhögun sem komið er á fót með þessari reglugerð.

- 25) Ákvörðun (SSUÖ) 2024/1470 mælir einkum fyrir um reglur um hvernig beina ætti hreinum hagnaði af óvæntum og óreglulegum tekjum verðbréfamiðstöðva sem safnast upp vegna framkvæmdar bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til stuðnings við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands, í samræmi við gildandi samningsbundnar skyldur og í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðalög, í samráði við samstarfsaðila.
- 26) Verðbréfamiðstöðvar, sem hafa í vörslu sinni eignir og varasjóði að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, ættu að leggja fram fjárframlag af samsvarandi hreinum hagnaði þeirra sem jafngildir 99,7% af þeim hreina hagnaði sem safnast hefur upp frá 15. febrúar 2024. Þetta hlutfall er rökstutt með þeirri staðreynd að viðkomandi hreinn hagnaður verður óhjákvæmilega til við framkvæmd bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og því geta verðbréfamiðstöðvar ekki vænst þess að hafa af þeim ótilhlýðilegan og ótilætlaðan efnahagslegan ávinning. Í ljósi ábyrgðar verðbréfamiðstöðvanna og hlutverkisins sem þær gegna við stjórnun kyrrsettra eigna þykir þó rétt að kveða á um að þær geti haldið eftir takmörkuðu hlutfalli af hreina hagnaðinum til að tryggja skilvirgni í starfi þeirra. Greiðslur ættu að fara fram í afborgunum tvisvar á ári þar til óreglulegi hagnaðurinn safnast ekki lengur upp á efnahagsreikningi verðbréfamiðstöðva vegna afnáms þvingunaraðgerðanna sem banna viðskipti með eignir og varasjóði Seðlabanka Rússlands. Framkvæmdastjórnin ætti að upplýsa ráðið hálfárslega um þær fjárhæðir sem verðbréfamiðstöðvarnar millifæra.
- 27) Verðbréfamiðstöðvar ættu að geta haldið eftir tímabundið hluta sem nemur ekki meira en 10% af fjárframlaginu til þess að geta farið að kröfum um lögbundið eigið fé og áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Ef þessi hlutur reynist ófullnægjandi í framtíðinni ætti að vera mögulegt fyrir verðbréfamiðstöð að leggja fyrir landsbundið eftirlitsyfirvald tilhlýðilega rökstudda beiðni um að halda eftir hlutfalli til viðbótar af fjárframlaginu sem er til greiðslu. Landsbundna eftirlitsvaldið ætti að hafa samráð við framkvæmdastjórnina og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu og taka ákvörðun til samræmis við það. Landsbundið eftirlitsyfirvald getur heimilað að hlutfalli til viðbótar sé haldið eftir þá eingöngu eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins um að halda eftir hlutfalli til viðbótar ætti að verða endanleg nema framkvæmdastjórnin ákveði, innan tiltekinna tímamarka, að hlutfallið til viðbótar uppfylli ekki tiltekin skilyrði. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa samráð við Seðlabanka Evrópu í því skyni. Framkvæmdastjórnin ætti að upplýsa ráðið um allar ákvarðanir landsbundna eftirlitsyfirvaldsins um að halda eftir hlutfalli til viðbótar. Ef framkvæmdastjórnin telur, a.m.k. fjórum mánuðum eftir að slík ákvörðun er samþykkt, í ljósi nýjustu upplýsinga, að hlutfallið sem haldið er eftir sé ekki lengur algerlega nauðsynlegt til að uppfylla kröfur um áhættustýringu, ætti hún, að höfðu samráði við landsbundna eftirlitsyfirvaldið og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu, að ákvarða lækkun á slíku hlutfalli til viðbótar.
- 28) Koma ætti á nákvæmu fyrirkomulagi varðandi millifærslur til Sambandsins á fjárhæðum sem haldið er eftir tímabundið, þegar þær eru ekki lengur nauðsynlegar. Einkum ef fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið hafa ekki verið notaðar innan fimm ára frá því þær voru innheimtar eða þegar viðkomandi þvingunaraðgerðum hefur verið aflétt, ætti landsbundna eftirlitsyfirvaldið að ákvarða hvort þörf sé á þessum fjárhæðum eða hluta þeirra til að uppfylla kröfur um áhættustýringu nema framkvæmdastjórnin ákvarði innan tiltekins tímafrests að viðkomandi skilyrði séu ekki uppfyllt.
- 29) Hver verðbréfamiðstöð ætti að gefa framkvæmdastjórninni og lögbærum innlendum stjórnvöldum sínum skýrslu árlega um fjárhæð reiðufjárstaðna og hreinan hagnað sem safnast hefur upp vegna kyrrsetningar eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum Seðlabanka Rússlands, s.s. ríkisauðlegðarsjóðs Rússlands, og um heildarfjárhæð tekna sem myndast á þeim grundvelli. Þær ættu einnig að upplýsa um fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið.

- 30) Þverlægar reglur um reglulegar tekjur af rekstri sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046⁽¹²⁾ ættu að gilda um innheimtu fjárframlaga, þ.m.t. um yfirfærslu greiðslukrafna til verðbréfamiðstöðva um greiðslubeiðnir.
- 31) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja reglugerðir með framkvæmdargerðum, þar sem sett er sérstakt fyrirkomulag varðandi skýrslugjöf og um fjárhagslega framkvæmd reglulegra tekna af rekstri, s.s. greiðslur verðbréfamiðstöðva og um að koma á endanlegri fjárhæð fjárframlags. Þessar reglur geta, eins og við á, komið til viðbótar þverlægra reglna um reglulegar tekjur af rekstri til að koma til móts við sér-einkenni fjárframlagsins. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa samráð við viðkomandi landsbundið eftirlits-yfirvald í því skyni.
- 32) Viðbótarráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð skapa nýjar skuldbindingar fyrir verðbréfamiðstöðvar, þ.e. að leggja sitt af mörkum til Sambandsins í þeim tilgangi að styðja við Úkraínu og endurreisn hennar og uppbyggingu sem og sjálfsvörn hennar gegn árásum Rússlands. Með tilliti til þess hvert samhengi þessara ráðstafana er, sérstakrar stöðu verðbréfamiðstöðva og lögmætra markmiða ráðstafananna sem miða að því að ná markmiðum stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, einkum að varðveita gildi Sambandsins, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og heilleika, að styrkja og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar, þ.m.t. alþjóðlegan mannúðarrétt, réttinn til sjálfsvagnar og bann við árásum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna, að varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi og vernda óbreytta borgara og aðstoða borgara sem standa frammi fyrir hamförum eða stóráföllum af mannavöldum, s.s. þeim sem árásarstríð Rússlands hefur valdið Úkraínu og borgurum þar, eru þessar ráðstafanir réttlætanager og í réttu hlutfalli við þau markmið sem stefnt er að og virða að fullu þau grundvallarréttindi og það frelsi sem viðurkennt er í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 17. og 52. gr.
- 33) Þar eð óvæntar og óreglulegar tekjur verða óhjákvæmilega til við framkvæmd þvingunaraðgerða, einkum bannsins sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 1. gr. a í ákvörðun 2014/512/SSUÖ og 4. mgr. 5. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, og með hliðsjón af áhrifum sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem varða notkun þeirra, ætti að fela ráðinu framkvæmdarvald til að endurskoða XLI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 34) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 35) Halda ætti þvingunaraðgerðunum sem tengjast banninu við viðskiptum í tengslum við stýringu eigna og varasjóða Seðlabanka Rússlands þar til Rússland hættir árásarstríði sínu gegn Úkraínu og bætir Úkraínu það tjón sem hlotist hefur af þessu stríði.
- 36) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 8.–10. mgr. 5. gr. a komi eftirfarandi:

„8. Frá og með 15. febrúar 2024 og á meðan þvingunaraðgerðunum sem settar eru fram í 4. mgr. er viðhaldið skulu verðbréfamiðstöðvar í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem hafa í vörslu sinni eignir og varasjóði er um getur í 4. mgr. þessarar greinar, að heildarverðmæti yfir einni milljón evra, beita eftirfarandi reglum varðandi reiðufjárstöður sem safnast upp eingöngu vegna þvingunaraðgerðanna:

- þessar innstæður skulu færðar sérstaklega til bókar,
- tekjur sem safnast upp eða myndast vegna reiðufjárstaðanna sem um getur í a-lið frá 15. febrúar 2024 skulu skráðar sérstaklega í reikningsskilum verðbréfamiðstöðva,
- með fyrirvara um 9. og 10. mgr., hreinum hagnaði sem er ákvarðaður að því er varðar tekjur sem um getur í b-lið í samræmi við landslög, þ.m.t. með því að draga frá öll viðkomandi útgjöld sem tengjast eða leiða af stýringu kyrrsettu eignanna og áhættustýringu í tengslum við þær, og að frádregnum fyrirtækjaskatti samkvæmt almennum reglum hlutaðeigandi aðildarríkis, skal ekki ráðstafa með úthlutun í formi arðgreiðslna eða í hvaða formi sem er til hagsbóta fyrir hluthafa eða þriðja aðila. Þetta bann gildir ekki um hreinan hagnað sem telst ekki til fjárframlagsins sem um getur í 9. mgr.

9. Hreini hagnaðurinn sem um getur í c-lið 8. mgr. skal falla undir fjárframlag sem verðbréfamiðstöðvar greiða til Sambandsins.

Fjárframlagið skal vera 99,7% af þessum hreina hagnaði.

Framkvæmdastjórnin skal hálfárslega auglýsa eftir fjárframlögum, í samræmi við reglugerð (ESB, KBE) 2018/1046⁽¹³⁾, frá hlutaðeigandi verðbréfamiðstöðvum, á grundvelli árshlutareikningsskilanna sem um getur í 11. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal koma á endanlegri árlegri fjárhæð fjárframlags á grundvelli lögbodinna endurskoðaðra reikningsskila fyrir árið N eftir að þau liggja fyrir á árinu N+1. Ef endanleg árleg fjárhæð fjárframlags fyrir ár N er lægri en samtala fjárhæða hálfárs afborgana sem gerðar eru að því er varðar ár N skulu verðbréfamiðstöðvarnar draga mismuninn frá næstu greiðslu á gjalddaga til Sambandsins á árinu N+1, þ.m.t. hálfárs greiðslur og millifærslur fjárhæða sem haldið er eftir tímabundið í samræmi við e- og f-lið 10. mgr. Gjaldfallin fjárhæð verðbréfamiðstöðvanna sem leiðir af útreikningi á hreinni stöðu samkvæmt setningunni hér að framan skal ekki vera lægri en núll.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa ráðið hálfárslega um þær fjárhæðir sem verðbréfamiðstöðvarnar milli-færa.

10. a) Verðbréfamiðstöðvar geta haldið eftir tímabundið hluta sem nemur ekki meira en 10% af fjárframlaginu („fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið“), sem skal áfram greiða Sambandinu.
- b) Ef hluturinn sem um getur í a-lið telst ekki fullnægjandi í ljósi krafna um áhættustýringu er verðbréfamiðstöð heimilt að leggja beiðni fyrir landsbundna eftirlitsfirvaldið, sem tilgreint er í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, um að halda eftir hlutfalli til viðbótar af fjárframlaginu sem er til greiðslu. Landsbundna eftirlitsvaldið skal hafa samráð við framkvæmdastjórnina og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu og taka ákvörðun til samræmis við það. Landsbundið eftirlitsfirvald getur heimilað að hlutfalli til viðbótar sé haldið eftir þá eingöngu eftir að hafa ákvarðað að slíkt sé algerlega nauðsynlegt til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Ef landsbundna eftirlitsfirvaldið hefur samþykkt hlutfall til viðbótar skal það hlutfall vera endanlegt að því er varðar það fjárhagsár, nema framkvæmdastjórnin ákvarði, innan fimm daga frá þeirri tilkynningu, að hlutfallið til viðbótar uppfylli ekki skilyrðin sem sett eru fram í þessum lið. Framkvæmdastjórnin getur ákvarðað lægra hlutfall til viðbótar, sem telst hámarks hlutfall til viðbótar sem landsbundna eftirlitsfirvaldið má samþykkja. Ef landsbundið eftirlitsfirvald, í tilkynningu sinni til framkvæmdastjórnarinnar, ber við neyðarástandi skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun innan 24 klukkustunda frá móttöku slíkrar tilkynningar. Framkvæmdastjórnin skal, með tilliti til ákvörðunar sinnar að því er varðar þennan lið, hafa samráð við Seðlabanka Evrópu. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa ráðið án tafar um allar ákvarðanir landsbundna eftirlitsfirvaldsins um að halda eftir hlutfalli til viðbótar að því er varðar þennan lið.
- c) Ef framkvæmdastjórnin telur að ekki sé lengur algerlega nauðsynlegt að halda eftir hlutfalli til viðbótar sem um getur í b-lið til að uppfylla kröfur um áhættustýringar að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva, skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við landsbundna eftirlitsfirvaldið og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu, ákvarða lækkan á slíku hlutfalli til viðbótar. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ákvörðun samkvæmt þessum lið í fyrsta lagi fjórum mánuðum eftir að ákvörðun landsbundna eftirlitsfirvaldsins um að halda eftir hlutfalli til viðbótar hefur orðið endanleg. Hún skal taka ákvörðun sína á grundvelli nýjustu upplýsinga sem tiltækar eru.
- d) Fjárhæðir sem verðbréfamiðstöð heldur eftir tímabundið í samræmi við þessa málsgrein skulu eingöngu notaðar til að standa straum af þeim kostnaði, áhættu og tapi sem fellur á hana vegna stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu þeirrar verðbréfamiðstöðvar og eingöngu að því marki sem innri tilföng verðbréfamiðstöðvarinnar nægja ekki fyrir slíkum kostnaði, áhættu og tapi þegar slíkt á sér stað. Fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið, sem hafa verið notaðar í samræmi við þennan lið, skulu ekki lengur greiddar til Sambandsins. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.
- e) Ef fjárhæðir sem haldið er eftir tímabundið hafa ekki verið notaðar innan fimm ára í þeim tilgangi sem um getur í d-lið skal landsbundna eftirlitsfirvaldið, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu, ákvarða hvort enn sé þörf á þessum fjárhæðum eða hluta þeirra til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Landsbundna eftirlitsfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ákvörðun sína um að ákveða þessar fjárhæðir og um það tímabil sem halda má eftir þessum fjárhæðum. Ákvörðun landsbundna eftirlitsfirvaldsins skal vera endanleg nema framkvæmdastjórnin ákvarði, innan fimm daga frá tilkynningunni, að ekki sé farið að

skilyrðum sem sett eru fram í þessum lið. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Seðlabanka Evrópu í því skyni. Fjárhæðir sem ekki er lengur haldið eftir skulu millifærðar til Sambandsins.

- f) Verðbréfamiðstöðvarnar skulu millifæra til Sambandsins allar eftirstöðvar fjárhæða sem haldið var eftir tímabundið og ekki notaðar, eigi síðar en þegar þvingunaraðgerðum samkvæmt þessari grein hefur verið aflétt. Landsbundna eftirlitsyfirvaldinu er heimilt, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og, eftir því sem við á, Seðlabanka Evrópu, að ákvarða að halda eftir fjárhæðum eftir það ef þörf er á þessum fjárhæðum eða hluta þeirra til að uppfylla kröfur um áhættustýringu að teknu tilliti til áhrifa stríðsins í Úkraínu að því er varðar eignir í vörslu verðbréfamiðstöðva. Ákvörðun landsbundna eftirlitsyfirvaldsins skal vera endanleg nema framkvæmdastjórnin ákvarði, innan fimm daga frá tilkynningunni, að ekki sé farið að skilyrðum sem sett eru fram í þessum lið. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Seðlabanka Evrópu í því skyni. Fjárhæðir sem ekki er lengur haldið eftir skulu millifærðar til Sambandsins.

- 2) Eftirfarandi málgreinar bætast við 5. gr. a):

„11. Verðbréfamiðstöðvar sem um getur í 8. mgr. skulu leggja árshlutareikningsskil og endurskoðaðan ársreikning fyrir framkvæmdastjórnina og lögbær innlend stjórnvöld sín, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í gerðinni sem um getur í 13. mgr.

Þær skulu einnig tilgreina, eigi síðar en 30. júní ár hvert, heildarfjárhæðir sem áfram var haldið eftir tímabundið 31. desember næstliðins árs, skv. 10. mgr., fjárhæðir sem haldið var eftir tímabundið og hafa verið nýttar í samræmi við d-lið 10. mgr. á næstliðnu ári og fjárhæðir sem haldið var eftir tímabundið og millifæra þarf til Sambandsins í samræmi við e- og f-lið 10. mgr.

12. Hlutaðeigandi verðbréfamiðstöðvar skulu sýna fulla samvinnu við vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins og skulu veita nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrgja aðilann sem fer með greiðsluheimildir fyrir embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) að því er varðar þau aðildarríki sem taka þátt í aukinni samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins samkvæmt reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939⁽¹⁴⁾, fyrir Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum (OLAF), fyrir Endurskoðunarrétt Evrópusambandsins og, eftir því sem við á, fyrir viðeigandi landsyfirvöld, svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti. Ef um er að ræða Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum skulu slík réttindi ná yfir réttindi til að inna af hendi rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og eftirlitsúttektir, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013⁽¹⁵⁾.

13. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykka reglugerðir með framkvæmdargerðum, þar sem sett er sérstakt, ítarlegt fyrirkomulag varðandi skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar og lögbæra innlenda stjórnvaldsins, eins og kveðið er á um í 11. mgr., og um framkvæmd varðandi reglulegar tekjur af rekstri, s.s. greiðslur miðlægra verðbréfamiðstöðva og um að koma á endanlegum fjárhæðum fjárframlaga. Þessar reglur geta, eins og við á, komið til viðbótar þverlægu reglunum um reglulegar tekjur af rekstri, sem settar eru fram í reglugerð (ESB, KBE) nr. 2018/1046 til að koma til móts við séreinkenni fjárframlagsins. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við viðkomandi landsbundið eftirlitsyfirvald í því skyni.

14. Fjárhæð fjárframlagsins sem greitt er til fjárlaga Sambandsins skal notað til að styðja Úkraínu með fjármögnunarleiðum Sambandsins sem eru á skrá í XLI. viðauka. XLI. viðauka skal endurskoða árlega, og í fyrsta skiptið fyrir 1. janúar 2025, og heimilt er að breyta honum með framkvæmdarreglugerð ráðsins sem samþykkt er að fenginni sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni.

Fjárhæðir sem notaðar eru í fjármögnunarleiðum sem fjármagnaðar eru af fjárlögum Sambandsins skulu teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB, KBE) nr. 2018/1046.

- 3) Ákvæðum XLI. viðauka er bætt við í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. maí 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

- (¹) Stjtið. ESB L, 2024/1470, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1470/oj>.
- (²) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).
- (³) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).
- (⁴) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/335 frá 28. febrúar 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 57, 28.2.2022, bls. 4).
- (⁵) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/395 frá 9. mars 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 81, 9.3.2022, bls. 8).
- (⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/792 frá 29. febrúar 2024 um að koma á fót Úkraínusjóðnum (Stjtið. ESB L, 2024/792, 29.2.2024), ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/792/oj>.
- (⁷) COM(2024) 150 lokagerð.
- (⁸) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/577 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L, 2024/577, 14.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/577/oj>).
- (⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).
- (¹⁰) Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/576 frá 12. febrúar 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, (Stjtið. ESB L, 2024/576, 14.2.2024. ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/576/oj>).
- (¹¹) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/509 frá 22. mars 2021 um að koma á fót Evrópska friðarsjóðnum og niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2015/528 (Stjtið. ESB L 102, 24.3.2021, bls. 14).
- (¹²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).
- (¹³) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).“
- (¹⁴) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 frá 12. október 2017 um framkvæmd aukinnar samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins („EPPO“) (Stjtið. ESB L 283, 31.10.2017, p. 1).
- (¹⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).“

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1469/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.